

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Flateyrar 1996-2016, Flateyraroddi, Ísafjarðarbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. október 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Flateyrar 1996-2016.

Breyting er gerð á gatnakerfi á Flateyrarodda, þannig að Hafnarstræti er lokað við hús Sparisjóðs Ónundarfjarðar og umferð niður á Oddann beint um Túngötu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstofnun, 6. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Hrafn Hallgrímsson.

6. október 1999

Nr. 687

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, Iðavellir við Gránufélagsgötu.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. október 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018.

Breytingin felur í sér að almennu útivistarsvæði austan leikskóla er breytt í stofnanalóð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstofnun, 6. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Hrafn Hallgrímsson.

11. október 1999

Nr. 688

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi suðurhluta Oddeyrar, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi suðurhluta Oddeyrar. Deiliskipulagsbreytingin felst í því að lóð leikskólans Iðavalla við Gránufélagsgötu er stækkuð til austurs og felst þar niður almennt útivistarsvæði. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Akureyri, 11. október 1999.

F.h. Akureyrarbæjar,

Árni Ólafsson skipulagsstjóri Akureyrar.